

VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis, b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
Þórshamri v/ Templarasund

Alþingi
Erindi nr. P 123/531
komudagur 9.12. '98

150 Reykjavík

Reykjavík, 08.12.98
Tilv. 7.2.1
ÓAS/óas


Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 278. mál.

Í bréfi yðar dagsettu 23. nóvember 1998 er óskað umsagnar Verðbréfaþings Íslands um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Verðbréfaþing Íslands lýsir stuðningi við þau ákvæði frumvarpsins sem snerta verðbréfamarkaðinn, en hefur enga sérstaka skoðun á greiðslum til erfingja skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eða reglum um undanþágu happdrættisvinninga frá skattskyldu.

Varðandi þá breytingu að lengja líftíma frádráttar frá tekjum vegna fjárfestingar manna í hlutabréfum vill Verðbréfaþing Íslands ítreka þá afstöðu sem fram kom í bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar í desember 1996. Þar segir m.a.: "Mikilvægt er að jafna stöðu verðbréfa og annarra fjárfestingarforma, svo og fjárfesta og útgefenda, þannig að skattar eða undanþágur frá þeim raski ekki jafnvægi á markaði eða valdi skekkju í verðmyndun".

Virðingarfyllst
f.h. Verðbréfaþings Íslands


Ólafur A Sigurðsson